



Fundargerð aðalfundar Ljósmeðrafélags Íslands 22. mars 2014

95. aðalfundur LMFÍ haldinn í fundarsal BHM að Borgartúni 6 og sóttu hann samkvæmt skráningu í gestabók 34 félagsmenn. Fundurinn hófst kl. 11.00.

1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara

Áslaug Valsdóttir formaður býður fundargesti velkomna og setur fundinn. Hún tilnefnir Bergrúnu Jónsdóttur sem fundarstjóra, fundurinn er því samþykktur.

Ásta Hlín og Steina Þórey eru tilnefndar ritara fundarins og samþykkir fundurinn það.

Fundarstjóri segir aðalfundargögn hafa verið birt á heimasíðu og gerir ráð fyrir að fundargestir hafi kynnt sér gögnin.

2) Skýrsla stjórnar

Áslaug tekur til máls og kynnir störf stjórnar á liðnu starfsári (sjá nánar í aðalfundargögnum). Segir kjaramál hafa skipað stóran sess í starfi félagsins í haust. Öll aðildarfélög BHM munu sækja sameiginlega fram með einfalda kröfu um umtalsverða hækkun á grunnlaunum. Einnig er lögð áhersla á að ná fram skattaafslætti á námslánum. Endurskoðun stofnanasamninga á grundvelli jafnlaunaátaks fyrrum ríkisstjórnar er komið í gegn á flestum stöðum á landinu.

Áslaug og Hildur Kristjánsdóttir fóru á norrænu ljósmeðraráðstefnuna í Ósló í júní og formannafund norrænu ljósmeðrafélaganna. Þar var mikið fjallað um menntunarmál ljósmeðra, samræmda námskrá og sjálfkrafa leyfisveitingar milli Norðurlandanna.

Gefin voru út tvö tölublöð af Ljósmeðrablaðinu eins og vanalega. Fylgjan var prentuð í minna upplagi en áður og fór það svo að hún kláraðist. Það er ljóst að Fylgjan er vinsæl meðal félagsmanna og verður þess gætt að hún verði prentuð í nægilegu upplagi næst.

Starfmannamál eru óbreytt nema að Signý vill hætta með ljósmóðir.is en heldur áfram sem vefstjóri síðu félagsins.

LMFÍ sótti um styrk í starfsþróunarsjóð BHM til að halda námskeið. Við fengum styrkinn og vorum eitt fyrsta aðildarfélagið til að sækja um þennan styrk.

Á starfárinu komu einnig upp ýmis leiðindamál, eins og þegar verið er að brjóta á starfsmönnum, mál sem eru til ummfjöllunar hjá landlækni o.þ.h.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Félagið hefur ráðist í að skoða aðgerðir á kynfærum kvenna og hefur í því sambandi talað við umboðsmann barna, landlækni og velferðarráðherra. Það má taka fram að búið er að banna aðgerðir á stúlkum undir 18 ára nema að þær séu gerðar á sjúkrahúsi og af kvensjúkdómalæknum.

Félagið hefur verið í samstarfi við Leitarstöð Krabbameinsfélagsins um að koma skoðunum heim í hérað, hugmyndin er að ljósmæður fái þjálfun í að taka stök frá leghálsi til krabbameinsleitar.

Félagið á 95 ára afmæli 2. maí n.k. og Áslaug bendir fundargestum á að taka daginn frá. Auglýsing um afmælið er sýnd.

Áslaug segir frá því að nú hafa sex ljósmæður fengið sérfræðileyfi.

Steina Þórey fer í pontu og útskýrir hvað standi til á afmælinu. Verður farið um Suðurnesin, fáum leiðsögn um svæðið og heimsækjum listarmenn í Ásbrú. Við endum svo í Bláa lóninu þar sem við fáum dekurpakka og mat. Allur pakkinn kostar 11.800. Setjum þetta á facebook síðuna og auglýsum betur síðar.

3) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur

1. *Tillaga að skipuriti fyrir fagdeildir Ljósmaðrafélags Íslands (LMFÍ):*

Þetta er tillaga Berglindar Hálfhánsdóttur og Helgu Gottfreðsdóttur. Berglind kynnir tillöguna. Hún segir mikilvægt að stéttin eigi sameiginlega faglega málsvara á opinberum vettvangi. Eins sé mikilvægt að félagið standi að markvissu faglegu starfi. Tillagan felst í því að stofnaðar verði fjórar fagdeildir:

I. Fagdeild um kynheilbrigði og forvarnir

II. Fagdeild um meðgönguvernd og fósturgreiningu

III. Fagdeild um fæðingarhjálp

IV. Fagdeild um sængurlegu og brjóstagjöf

Lagt er til að í stjórn hvernar fagdeildar sitji fulltrúi stjórnar LMFÍ. Þetta væri gert til að tryggja virka starfsemi fagdeilda. Megum ekki við losarabrag í faginu. Þurfa að vera sterk tengsl við stjórnina. Þarf að vera hægt að vísa málum til fagdeildanna.

Salurinn tekur vel í þetta.

Þarf lagabreytingar til að þetta geti orðið. Bergrún fer yfir breytingarnar.

Kristbjörg spyr um hvernig þessu verði háttáð í sambandi við sjúkratryggingar, hvort fulltrúar úr tveimur deildum semji við þá varðandi heimafæðingar og heimabjónustu. Talið líklegt að svo verði.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Spurt er um hversu margar eigi að sitja í hverri stjórn fagdeilda, það er enn eftir að ákveða nákvæmlega hvernig þetta verður útfært, en ein úr stjórn verður í hverri fagdeild.

Vangaveltur um hvernig þetta verður sett í gang. Verður kosið í deildirnar á næsta aðalfundi. Steina Þórey stingur upp á því að halda félagsfund til að byrja að vinna í þessu. Fundarmenn taka vel í þá hugmynd.

Þessi tillaga er samþykkt einróma.

Breytingar á lögum nr. 4 og nr. 10 eru samþykktar einróma (sjá aðalfundargögn)

2. Tillaga um breytingu á sjóðanefnd

Tillaga Ingu Sigríðar Árnadóttur er að gjaldkeri félagsins verði formaður sjóðanefndar og sjái um að kalla nefndina saman. Þetta sé eðlilegast þar sem gjaldkerinn sé með yfirsýn fyrir fjármálin. Áslaug útskýrir hvernig þetta er núna. Birna Ólafsdóttir spyr hvort nægilega margir hausar séu til að sinna þessu, fagdeildirnar í viðbót við allt hitt. Áslaug segir starfið sem formaður sjóðanefndar innir af hendi ekki mikið. Sami stjórnarmaður getur vel sinnt fleirum en einu hlutverki.

Tillagan er samþykkt einróma

3. Tillaga um breytingu á starfi gjaldkera

Áslaug kynnir tillöguna. Tillaga stjórnar er kjörinn gjaldkeri félagsins verði launaður starfsmaður í tíu prósentu starfshlutfalli og hafi fasta viðveru á skrifstofunni fjórar stundir á viku. Ef tími gefst frá gjaldkerastörfum verður hann formanni innan handar við ýmis störf er til falla.

Einróma samþykkt

4. Tillaga um breytingu á rannsóknar- og þróunarsjóði.

Áslaug kynnir tillöguna. Breytt landslag í styrkjum og sjóðum félagsins og BHM er forsenda breytinganna, m.a. tilkoma Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð. Telur stjórn LMFÍ eðlilegt að gera þessar breytingar til að stykja daglegan rekstur og byggja upp varasjóði (sjá aðalfundargögn). Berglind er með vangaveltur varðandi úthlutun úr Minningarsjóði Jóhönnu en Áslaug segir að allar geti sótt í þann sjóð, ekki bara fátækar ljósmæður eins og sumar virðast halda. Heildarúthlutun, ef með eru taldir styrkir úr BHM sjóðum ætti að vera svipuð.

Tillagan er samþykkt einróma.

4) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis og fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Inga Sigríður tekur til máls og fer yfir reikningana lið fyrir lið, segir árið hafa verið viðburðaríkt í peningamálum félagsins. Minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð var stofnaður og tekjur jukust vegna aukningar á félagsgjöldum (vegna launahækkana).



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Höfum náð að spara töluvert og komum út nú með hagnaði, um ca. 1,2 mil. Hagnaður í held er ríflega 20 mil. en það skýrist að mestu á JH sjóðnum. Inga Sigríður bendir á að unnið hafi verið stíft að því að spara þar sem hægt er. Fundarmenn ánægðir með viðsnúninginn. Reikningar hafa verið yfirfarnir af endurskoðendum. Skoðunarmenn félagsins, þær Margrét G. og Ingunn, fóru yfir reikningana án athugasemda.

Reikningar samþykktir einróma.

5) Skýrslur nefnda/deilda

Bergrún segir allar nefndir hafa skilað inn skýrslum nema Siðanefnd. Búið er að birta þær á heimasíðunni og ákveðið með samþykki fundarins að sleppa því að lesa þær upp. Engar athugasemdir úr sal.

6) Stjórnar- og nefndakosningar

Tillaga uppstillingarnefndar til aðalfundar LMFÍ 2014

Birna útskýrir að það vanti mannskap í kjaranefnd, Björg formaður ætlar að sitja fram yfir samninga og þá líka sem meðstjórnandi í stjórn. Þegar hún hættir tekur einhver úr kjaranefndinni við formannsembættinu. Jóhanna Skúladóttir gefur kost á sér áfram. Birna segir að erfitt sé að fá mannskap í kjaranefnd, væri gott að fá fleiri í nefndina, lýsir eftir fólki á fundinum. Enginn býður sig fram.

Þá lítur listi yfir stjórn og nefndir út á þessa leið:

Stjórn

Formaður: Áslaug Valsdóttir

Varaformaður: Steina Þórey Ragnarsdóttir (ný, var vararitari)

Gjaldkeri: Inga Sigríður Árnadóttir

Varagjaldkeri: Hafdís Ólafsdóttir

Ritari: Ásta Hlín Ólafsdóttir

Vararitari: Bergrún Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Björg Sigurðardóttir (fram yfir samninga)

Kjaranefnd

Formaður: Björg Sigurðardóttir mun sitja fram yfir yfirstandandi samningagerð

Edda Sveinsdóttir



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Sesselja Ingólfssdóttir

Jóhanna Skúladóttir

Kristín Viktorsdóttir (ný)

Signý Dóra Harðardóttir (ný)

Áslaug Valdóttir formaður LMFÍ

Ritnefnd

Hrafnhildur Ólafsdóttir, ritstjóri

Sigrún Ingvarsdóttir (ný)

Edda Sveinsdóttir

Ingibjörg Eiríksdóttir

Ingibjörg Hreiðarsdóttir

Berglind Hálfánardóttir

Helga Gottfreðsdóttir

Fræðslunefnd

Hallfríður Kristín Jónsdóttir (nýr formaður)

Gréta Rún (ný)

Hildur Ármannsdóttir (ný)

Guðrún Haraldsdóttir (ný)

Ragnheiður Þorvaldsdóttir (ný)

Sjóðanefnd

Formaður: Inga Sigríður Árnadóttir, gjaldkeri LMFÍ

Áslaug Valdóttir, formaður LMFÍ



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Gréta Rún Árnadóttir

Gréta Matthíasdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

Kjörnefnd

Formaður: Birna Ólafsdóttir

Hilda Friðfinnsdóttir

Tinna Jónsdóttir (ný)

Siðanefnd

Anna Rut Sverrisdóttir

Birna Gerður Jónsdóttir

Guðrún Halldórsdóttir

NJF fulltrúi: Hildur Kristjánsdóttir

Fulltrúi sem stjórn ákveður

Skoðunarmenn

Ingunn Vattnes Jónasdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

Aðaltrúnaðarmaður: Arndís Mogensen (ný)

Fundurinn samþykkir einróma stjórn og nefndir, sem og skoðunarmenn, NJF fulltrúa og aðaltrúnaðarmann.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

7) Önnur mál

Áslaug tekur til máls og hugsar til framtíðar, félagið verður 100 ára 2019 og áhugi er á að kanna hvort raunhæft sé að gefa út nýtt félagatal í tilefni afmælisins. Síðasta ljósmaðratal kom út 1984. Þarf að setja á nefnd til að kanna þennan möguleika, hvort félagið hafi burði til að standa að svona útgáfu, hvort sem er í bókarformi eða á rafrænu formi. Inga Sigríður, Harpa Ósk og Álfheiður Árnadóttir gefa kost á sér í þessa nefnd.

Áslaug talar um kjaramál. Lítur út fyrir að það komi til verkfalls, lausleg könnun á netinu sýnir að ljósmaður eru til í verkfall. Áslaug spyr fundarmenn hvort þeir séu til í verkfall og mikill meirihluti rétti upp hendi svo það virðist vera vilji meðal félagsmanna til þess að fara í verkfall. Um 60-70% aðildarféлага BHM vilja fara í verkfall. Við eigum ekki mikið í verkfallssjóði. Á enn eftir að koma í ljós hvernig þessu verður háttað, spurning hvort verði farið í stigvaxandi verkfall, það er sú leið sem gefur okkur meiri „goodwill“. Verkfallsvopnið er máttlaust á bráðadeild, búið að víkka undanþáguna fyrir mönnun á bráðadeild eftir síðasta verkfall (að sögn Berglindar H.). Í dagvinnustörfum hefur þannig verkfall lítil áhrif, verður bara meira álag þá daga sem unnið er. Fundarmenn eru skeptískir á þá leið, töluverð umræða er um hugsanlegt verkfall.

Spurt er hvernig verði greitt fyrir þetta, verður tekið lán eða tekið úr öðrum sjóðum? Engin skýr svör eru við þessum spurningum ennþá. Ljóst er að hvert aðildarfélag getur dregið sig út.

Ætla að reyna að pressa á ríkið að gera samninga afturvirkir því þeir draga oft að semja og eru menn hræddir um að það verði dregið fram á sumarleyfistímum að semja. Væri hægt að hafa samband við umboðsmann Alþingis vegna málsins.

Fundi er formlega slitið kl. 12.30

Einkaaðilar sem eru með kynningu í andyrinu bjóða fundargestum upp á léttar veitingar í hléi og svo eru flutt þrjú erindi:

Dögg Mósesdóttir kynnir myndina „Valið“

Emma Swift talar um nám og starf í Wisconsin, USA

Sigríður Dögg kynfræðingur flytur erindi